

Fundur 14.4.2025 dr. Helgi Pjeturss.

Góða kvöldið kærufélagar.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Langt er síðan ég komst í sambandið og vil ég bæta úr því, ætlaði ég að hafa það sem reglu að magna ykkur og tala til ykkar reglulega, en ekki hefur orðið úr því.

Og vona ég að takist mér að koma fram erindi mínu og ræðu hér í kvöld, nokkuð sæmilega, og er ég þakklátur góðu starfi ykkar.

Og stundum hefur mér þótt sem skriðunni miklu væru þið um það bil að ryðja úr vegi, og fá athygli meiri hluta íslensku þjóðarinnar, en lengi hafði tíðkast í starfi ykkar og starfi okkar, en það virðist ekki vera enn þá, en bjartsýn erum við um árangur.

Og er hér margt sem mætti nefna sem til framfara hefur horft, og bæði er það á visindalegum grunni og samfélagslegum, trúarlegum grunni, þar sem árangur hefur náðst, og gætum við sagt frá frumlífs mannkynjum sem eru nálægt ykkur í þróun.

Og eiga margt sameiginlegt við hina íslensku þjóð, og hafa þar jafnvel víðar komið fram kenningar þessar og skilað góðum árangri, og gætum við sagt frá framrás þessarar mikilvægu kenninga á þeim hnöttum, en einngi eru margar aðrar sögur um framrás helstefnu aflanna, sem við munum ekki segja frá að sinni.

En sú var tíðin að ég opnaði fundina hjá ykkur og,

*Já Helgi við munum eftir því.*

Já sæll vertu. Ég hugðist koma um daginn, en þá var ekki fundur, og og,

*Þú hefur ætlað að koma á afmælinu þínu ?*

Já rétt er það, og saknaði ég þess mjög, og er þó þakklátur fyrir tækifærið, og ætlaði ég hér að fara út í jarðfræðina og annað, verð að gera það síðar, orkan er ekki alveg að auðvelda mér að koma því öllu fram að sinni, en hef ég hér, höfum við eftir langt hlé náð nokkuð betri tökum, en vildum segja frá því, en höfum ekki náð fullum tökum á þessum samböndum og enn eru óæskileg öfl á þessum hnatti.

Og stöð sú sem gamli biskupinn hefur, hafa reist þar stærri byggingu og kirkju og er þar einn forni félaginn Bergmann Ómar, og væri gott að heyra í honum við tækifæri og kannski fá hann til að skipta á skoðun.

En hér ætlaði ég að fjalla um jarðfræðina og verð að sleppa því að sinni, höfum verið að fást við ýmislegt og hefur okkur tekist að rækta upp önnur svæði hnattarins með öðrum hætti, og reynum að koma að því seinna, en það er einhver truflun í sambandinu.

En ég var mjög magnaður á afmælinu, hafði ég þá, já hélt þá aðra ræðu, hefði hún náð í gegn, en það fór nú ekki þannig, en ég reyni að koma síðar, en,

*Er pláss fyrir eina spurningu ?*

Já, ég skal reyna,

*Getur þú sagt okkur í stuttu máli, hver verður framhaldið þarna á Reykjanesinu ?*

Ég, við erum ekki með fullkomnar upplýsingar um það, en við erum þó nokkuð viss um það að jarðfræðingar ykkar hafa rétt fyrir sér, þetta heldur áfram í breyttri mynd, það er mögulegt að

ákveðnu skeiði sé lokið en það er nokkuð óljóst með framhaldið, þar sem ég hef góða vitneskju um það að öflug hjálpar mannkyn hafi stöðvað slæm gosrennsli inn á óþægileg svæði, og einnig hafi stöðvað stóra skjálfta, og því er ég nokkuð viss um að því verður haldið áfram að reyna að passa upp á ykkur og koma í veg fyrir óþægilega atburði og skaðvænlega.

En ég myndi spá því að hugsanlega gjósi á þessari sprungu eitthvað meira, en það er ekki fullljóst, en síðar eru önnur kerfi farin að láta í sér heyra, og gæti, höfum áhyggjur af stóru gosi annars staðar á landinu, undir jökli, næ ekki alveg að segja frá því, finnum fyrir því að það er mjög farið að nálgast.

*Þá í Bárðarbungu ?*

Já já.

*Nú er breyting varðandi Reykjavík, Hafnarfjörð og Garðabæ?*

Já það er seinni tíma vandamál, það ætti að verða eitthvert hlé á þessu ef að líkum lætur, en það er vissulega ekki hægt að neita því að þetta er ekki búið og það má búast við því að þetta verður erfitt, og annað sem ég vildi segja í ræðunni fyrir nokkrum vikum, þegar ég, það er að viðburðar bylgnan á jörðinni allri er farin að rísa í þessa átt, og helstefnu öflin reyna að valda skaðvænlegum atburðum.

Og það er tengt því að samstillingin hjá mannkyninu er ekki nógu góð og ástandið á kærleikanum og samvinnu þjóða og einstaklinga, en við erum nokkuð viss um að það verða einhverjar viðvaranir hjá ykkur, og næ ekki að segja frá þessu eins og ég var búinn að skipuleggja og talaði þá til annara, en það eru önnur lönd þar sem þarf að hafa áhyggjur einnig.

Ég þakka fyrir spurninguna, hún hjálpaði mér að koma nokkru af þessu fram sem ég vildi.

*Má ég spurja þig að einu fyrirgefðu ?*

Já.

*Hítará, mig dreymdi eldgos og skriðu í Hítará,*

Já.

*Er eitthvað sem gæti gerst þar ? Tengt þá lýsufjöllum eða eitthvað ?*

Já jú,

*Þar er Eldborgin.*

Það er einmitt möguleiki, það er, þar er gömul eldstöð og gæti vaknað já, en það getur líka verið samband líka við atburði þá sem gerast annars staðar, við erum ekki alveg viss um að það verði þar, en það er mögulegt, ég þakka fyrir.

*Takk fyrir komuna.*

Og reynum að koma síðar, verið þið sæl.

*Blessaður Helgi og takk fyrir komuna.*